

verði að prófi loknu hæfir kennarar við skóla gagnfræðastigsins og aðra þá fram- 83
haldsskóla, þar sem viðkomandi greinar eru kenndar. 10. sept.

Þeir nemendur, sem í prófi sínu hafa lokið 2 stigum í uppeldisfræðum, hafa þar með fullnægt ákvæðum 13. greinar laga nr. 16/1947, um menntun kennara, að því er tekur til skóla gagnfræðastigsins.

Hér með er úr gildi felld auglýsing nr. 91 frá 28. des. 1950.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. september 1951.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

FORSETA BRÉF

84

um að reglulegt Alþingi 1951 skuli koma saman til fundar
mánudaginn 1. október 1951.

17. sept.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1951 skuli koma saman til fundar mánudaginn 1. október 1951.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13,30.

Gjört í Reykjavík, 17. september 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

AUGLÝSING

85

um breyting á forsetaúrskurði frá 14. marz 1950, um skipun og
skipting starfa ráðherra o fl.

9. okt.

Forseti Íslands hefur í dag fallizt á tillögu forsætisráðherra um eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði frá 14. marz 1950, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

Við III. lið:

Orðin „utanríkisverzlun með sjávarafurðir“ falli burt, en í staðinn komi: útflutningsverzlun. Aftan við liðinn bætist: Iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög. Eftirlit með verksmiðjum og vélum. Einkaleyfi.

Við V. lið:

Aftan við liðinn bætist: Mælitækja- og vogaráhaldamál. Veðurstofan.

- 85 Við VI. lið:
9. okt. Í stað orðanna „Utanríkisverzlun með sjávarafurðir“ komi: Útflutningsverzlun. Eimskipafélag Íslands. Niður falli: Iðnaðarmál Einkaréttarleyfi. Einnig orðið „Veðurstofan“.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Í forsætisráðuneytinu, 9. október 1951.

Steingrímur Steinþórsson.

Birgir Thorlacius.

- 86
10. okt.

L Ö G

um heimild til lántöku vegna landbúnaðarframkvæmda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 20 millj. króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt og endurlána Búnaðarbanka Íslands með sömu kjörum og lánið er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. október 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

- 87
13. okt.

L Ö G

um heimild til lántöku vegna áburðarverksmiðjunnar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 16 millj. króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri og endurlána Áburðarverksmiðjunni h.f. með sömu kjörum og lánið er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. október 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.